



Félag háskólakennara

7. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 Haldinn miðvikudaginn 11. janúar í Bændahöllinni kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Berglind Eva Benediksdóttir, Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir. Jóna Margrét Ólafsdóttir og Pontus Erik Gunnar Jarvstad boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. desember 2022.
2. Kjaramál
3. Mitt stéttarfélag.
4. Undanþágulisti, frh.
5. Skipun í siðanefnd HÍ.
6. Fréttir af BHM.
- 7.. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. desember 2023

Fundargerð samþykkt með breytingu á tl. 4.iii, 2. mgr. Setningin verði „ Því er ekki tilefni til þess að ræða hugmyndir HÍ um samspil vinnumatssjóðs og kjara að svo stöddu, heldur setja fókussinn á launahækkanir almenn.“ Fundargerð samþykkt.

2. Kjaramál

Baldvin sagði frá stöðu kjaramála. Á haustmánuðum 2022 var ákveðið í formannaráði BHM að aðildarfélög bandalagsins færu saman í komandi kjaraviðræðum 2023, við ríkið. Af því tilefni var ákveðið að tilnefnda fulltrúa félaganna í viðræðunefnd. Framkvæmdastjóri Félags háskólakennara er einn af fjórum fulltrúum félaganna í viðræðunefndinni, sem formaður BHM leiðir.

Nefndin hefur m.a. unnið að gerð viðræðuáætlunar sem aðildarfélögin senda hvert og eitt til SNR, en ætlunin er að hún verði samræmd. Samkvæmt fylgiskjali með viðræðuáætlunarinnar er umboð viðræðunefndarinnar það að ræða atriði sem tilgreind hafa verið og kynnt í „Jafnréttissamninginum 2023“ ásamt sameiginlegum málefnum sbr. 3. greinar viðræðuáætlunarinnar. Fyrsti fundur viðræðunefndar með samninganefnd ríkisins (SNR) er áætlaður föstudaginn 13. janúar nk.

Baldvin sagði einnig frá viðræðum við FPR og HAK um hugsanlegt samstarf í komandi kjaraviðræðum.

Jens sagði frá hugmyndum um launaþróun og áherslum akademískra starfsmanna til framtíðar.

Málið rætt og ákveðið að klára kröfugerð og að samninganefnd félagsins óski eftir fundi með SNR í kjölfarið þar sem hún verður kynnt, ásamt sérkröfum félagsins.

3. Mitt stéttarfélag

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að verkefni sem unnið hefur verið að innan BHM sem heitir „mitt stéttarfélag“. Hugmyndin að því er að hannað verði kerfi í anda „mínar síður BHM“, sem er aðlagð að þörfum stéttarfélaganna. Hvert stéttarfélag getur í framhaldi af því mótað kerfið að sínum þörfum, til að

koma betur á móts við félagsmenn og þjónustu við þá. Tilboð hefur borist frá Hugsmiðjunni um hönnun á grunni verkefnisins sem hljóðar upp á tæpar 2,9 milljónir króna, sem skiptast myndi á hvert aðildarfélag sem taka þátt í verkefninu. Kostnaður hvers félags myndi því nema rúmlega 100.000 kr., eftir fjölda þeirra, en nú þegar er meirihluti aðildarfélaga bandalagsins búin að gefa grænt ljós á það.

Málið rætt og ákveðið var að Félag háskólakennara taki þátt í verkefninu.

4. Undanþágulisti

Baldvin sagði frá því að samkvæmt tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu er undanþágulisti félagsins óbreyttur frá því sem verið hefur. Því hefur verið tekið undir athugasemdir félagsins um ósk HÍ að útvíkka listann, frá því sem verið hefur.

5. Skipun í siðanefnd HÍ

Félagið hefur skipað Ármann Höskuldsson í Siðanefnd HÍ.

6. Fréttir af BHM

Íris sagði frá því að ákveðið hafi verið í framkvæmdastjórn BHM að framlengja ráðningu varaformanns BHM í hálf t starf til vorsins 2023.

7. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu

Berglind sagði frá því að nefndin hafi ekki fundað. Málið rætt og því m.a. velt upp að ræða samræmda kennslu í komandi kjaraviðræðum og sem lið í kröfugerð.

Önnur mál

Ósk hefur borist frá félagsmönnum á Landsbóksasafni-háskólabókasafni að fá fund með formanni og framkvæmdastjóra félagsins.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:15.

Næsti fundur miðvikudaginn 1. febrúar kl. 11:45 í Bændahöllinni.